



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 13. mars 2008

Tilvísun: UST20080100171/sf

Breyting á deiliskipulagi Nesjavalla, jarðstrengur og niðurrennslisholur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir lagningu jarðstrengs frá tengivirki við norðurhlið stöðvarhúss á Nesjavöllum upp með Nesjavallaræð og Nesjavallavegi. Einnig er afmarkað svæði fyrir viðbótarniðurrennslisholur sunnan aðkomuvegar að starfsmannahúsi og vestan aðkomuvegar að stöðvarhúsi. Samkvæmt greinargerð er bætt inn á deiliskipulagsupprátt afmörkun vatnsverndar, grann- og fjarsvæðis, ásamt afmörkun svæðis sem er á náttúruminjaskrá samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Fram kemur í fyrrgreindu erindi að deiliskipulagsbreytingin sé í samræmi við áður auglýsta breytingu á aðalskipulagi sem hafi verið samþykkt af sveitarstjórn.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugaemdir við skipulagstillöguna og umhverfisskýrslu.

Jarðstrengur

Jarðstengur verður lagður frá tengivirki við norðurhlið stöðvarhúss á Nesjavöllum, í sveig vestur fyrir stöðvarhúsið að Nesjavallaræð. Strengurinn mun liggja upp með Nesjavallaræð að sunnan og eftur að kemur upp í Kýrdali mun strengurinn fylgja Nesjavallarvegi að sunnan að mörkum deiliskipulags.

Í umhverfisskýrslu segir m.a.: „Notast er við upplýsingar í umhverfisskýrslu vegna aðalskipulagsbreytingar Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 vegna áður nefnds jarðstrengs.“ Niðurstaðan matsins er sú að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á eftirtalda umhverfisþætti: Landslag og sjónræn áhrif, jarðmyndanir, vatnafar, gróður, náttúru- og fornminjar, hljóðvist og samfélag.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í umhverfisskýrslu kemur ekki fram rökstuðningur fyrir framangreindri niðurstöðu fyrir alla umhverfisþættina. Stofnunin telur að umfjöllun um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í umhverfisskýrslu sé ófullnægjandi.

Framangreindur jarðstrengur er væntanlega hluti af framkvæmd sem felst í lagningu 145 kV jarðstrengs frá Nesjavöllum að aðveitustöð Landsnets á Geithálsi (Nesjavallalína 2). Það er

hins vegar ekki tilgreint sérstaklega í deiliskipulagstillögunni. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 1. júní þess efnis að framangreind framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar hefði átt að vísa til þess í umhverfisskýrslu og jafnframt nýta upplýsingar sem komu fram í umfjöllun um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, þ.m.t. athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila. Í því sambandi bendir Umhverfisstofnun á eftirtalin atriði, sbr. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu:

1. **Vatnsgæði.** Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns fer Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fram á að sérstakar varúðarreglur verði settar í verklýsingu til verktaka við framkvæmd verksins, varðandi alla meðferð á olíum og öðrum mengandi efnum. Jafnframt fer Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fram á að framkvæmdaraðili tilkynni hvenær verkið verði framkvæmt. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að mengunarhætta sé til staðar við lagningu jarðstrengsins á fjarsvæðum vatnsverndarsvæða en stofnunin tekur undir umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um mikilvægi þess að varúðarreglum fyrir verktaka, m.a. um notkun mengandi efna, sé fylgt þegar unnið sé innan vatnsverndarsvæða sem og Landsnet hyggst gera.
2. **Fuglalíf.** Niðurstaða þess efnis að áhrif á fugla verði óveruleg miðaðist m.a. við að framkvæmdatími var áætlaður seinni parts sumars eða haust 2008.
3. **Meningarminjar.** Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um mikilvægi úttektar m.t.t. fornleifa á jarðstrengsleiðinni áður en framkvæmdir hefjast eins og til stendur af hálfu Landsnets og að Fornleifavernd ríkisins verði gerð grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar.


Niðurrennslisholur


Umhverfisstofnun vekur athygli á að í umhverfisskýrslu kemur ekkert fram um forsendur þess að gert er ráð fyrir nýju svæði fyrir niðurrennslisholur. Umhverfisstofnun telur að rökstyðja verði frekar hvers vegna framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru. Stofnunin telur jafnframt að rökstyðja þurfi frekar hvers vegna ekki er talin þörf á vöktunaráætlun vegna niðurdælingarinnar.

Verndarsvæði

Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að bætt sé inn á deiliskipulagsupprátt afmörkun vatnsverndar, grann- og fjarsvæðis, ásamt afmörkun svæðis sem er á náttúruminjaskrá samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun vekur athygli á að innan þess svæðis sem sýnt er á skipulagsupprætti eru engin svæði sem eru á náttúruminjaskrá. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að ekki verður séð að vatnsverndarsvæði séu afmörkuð á upprættinum.

Virðingarfyllt


Sigrós Friðriksdóttir



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.